

## 15. fundur Æskulýðsnefndar Bláskógbabyggðar

Haldinn mánudaginn 19. mars 2024 í Bláskógaskóla Laugarvatni kl. 14:30.

Mættir: Guðni Sighvatsson, Þóra Þöll Meldal og Auður Ólafsdóttir. Einnig sat fundinn Gunnar Gunnarsson íþróttar og tómstundafulltrúi Bláskógbabyggðar.

1) Helstu mál sem er í gangi.

- *Fristundastyrkur. Samþykkt var á fundi sveitastjórnar 6. desember 2023 að styrkurinn nái fyrir alla að 18 ára aldri.*
- *Öryggismál. Samþykkt var að vinna úttekt á öryggismálum í sveitarféluginu.*
- *Verkefni í gangi: Samþykkt að fara í hreinsun á tartanvelli á Laugarvatni. Unnið verður með hlaupabrautina við völlinn í Reykholti.*
- *Umgengnisreglur: Samþykktar á fundi sveitastjórnar 6. desember.*

2) Snjómokstur í þéttbýli.

*Umræða um öryggi þar sem snjó er rutt í skafla sem síðar verða að leiksvæðum barna. Nefndin hvetur til þess að sviðsstjóri framkvæmda og veitusviðs hafi öryggi barna í huga þegar ákveðið er hvar söfnunarsvæði fyrir snjó eru. Haft verði tillit til þessa þáttar við gerð úttektar á öryggismálum í sveitarféluginu.*

3) Breyting á erindisbréfi æskulýðsnefndar.

*Nefndin leggur til breytingar á erindisbréfi æskulýðsnefndar. Helstu breytingar að lagt er til að nafn nefndarinnar breytist í íþróttar og lýðheilsunefnd og að nefndin hlutist til um að veita viðurkenningar til þeirra sem skara framúr á sínu sviði, fremur en að veita viðurkenningu fyrir einn einstakling sem skarar framúr.*

4) Fyrstu tvær fundargerðir endurskoðunar á forvarnarstefnu lagðar fyrir og farið yfir stöðu mála.

*Búið að leggja drög að samningi við Evu Magnúsdóttur hjá Podium um að leiða áfram vinnu við endurskóun forvarnarstefnu sveitarfélagsins þar sem sú vinna verði leidd með íbúalýðræði að leiðarljósi.*

5) Sala á varningi í íþróttamannvirkjum með tilliti til heilsueflandi samfélags.

*Nefndin leggur til við sveitastjórn að orkudrykkir sem innihaldi koffín og aðrir drykkir sem samræmist ekki heilsueflandi samfélags verði teknir úr sölu í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Lögð verði heldur áhersla á að hollir valkostir séu í boði.*

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:40

þortþau Meldur T.

Guðni  
Sighvatsson

Auður  
Ólafsdóttir